



Akraneskaupstaður
b.t. Bæjarráðs
Stillholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 1. mars 2017
1611136 SH

Efni: Starfshópur um samráð og stefnumótun aldraðra

Starfshópur um samráð og stefnumótun aldraðra sem bæjarráð skipaði hefur fundað fimm sinnum. Markmið starfshópsins er að móta samráð og stefnu í málefnum aldraðra á Akranesi. Meginverkefni starfshópsins eru nokkur og á fyrstu fundum hópsins hefur verið farið yfir þau verkefni sem snúa að því að kanna hvaða húsnaði væri hægt að nýta fyrir félagsstarf samhliða og/eða í staðinn fyrir núverandi aðstöðu að Kirkjubraut, þar til mál skýrast með Dalbraut 6.

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs mætti á 4. fund starfshópsins og kynnti drög að deiliskipulagi fyrir Dalbrautarreitinn. Starfshópurinn hefur átt samtal við Heiðrúnu Janusdóttur verkefnastjóra æskulýðs- og forvarnarmála og Hildi Karen Aðalsteinsdóttur íþróttafulltrúa íA um frístundaráðgjöf og samstarf í þjónustu við þriðju kynslóðina. Út frá þessari umræðu hefur verið þróað samstarf milli skóla- og frístundasviðs og velferðar- og mannréttindasviðs í samvinnu við íþróttafulltrúa íA um að móta tilraunaverkefnið. Tómstundaráðgjöf fyrir aldurshópinn 60 ára og eldri sem eru ekki lengur á vinnumarkaði. Aðrir samstarfsaðilar eru FEBAN, félag eldri borgara á Akranesi og nágrenni og HVE. Aðilar í samstarfinu hafa sótt um styrk í Lýðheilsusjóð til að þróa samstarfið áfram sem fer af stað á næstu misserum. Fyrst í stað með frístundaráðgjöf sem kynnt verður sérstaklega.

Virðingarfyllst,

Svala Hréinsdóttir
Svala Hréinsdóttir
sviðsstjóri

